



Umbótaáætlun Garðaskóla 2019-2020

Inngangur

Í þessu skjali er birt umbótaáætlun Garðaskóla vegna ytra mats sem fram fór í skólanum í nóvember 2019. Tilgreindar eru þær tillögur sem matsmenn Menntamálastofnunar gerðu til umbóta í starfi skólans og skráð er sundurliðuð áætlun um aðgerðir á skólaárinu 2019-2020.

Efnisatriði eru sett upp í sömu röð og tillögur til umbóta í [skýrslu um ytra mat Garðaskóla 2018](#). Vorið 2019 voru tillögurnar teknar til umræðu í skólasamfélagi Garðaskóla: stjórnendafundum, skólaráði, nemendaráði, kennarafundi og í gæðanefnd. Þessir aðilar skiluðu tillögum um forgangsröðun verkefna og þau atriði sem aðilar lögðu mesta áherslu á að unnið verði með eru **máluð græn** í umbótaáætluninni. Hugmyndir að aðgerðum sem fram komu á þessum samráðsfundum eru skráðar inn í umbótaáætlunina.

Skólastjóri þakkar matsmönnum Menntamálastofnunar, Birnu Sigurjónsdóttur og Svanhildi M. Ólafsdóttur, gott samstarf, jákvæðar umsagnir um starf skólans og mikilvægar tillögur til úrbóta. Einnig þakkar skólastjóri öllum þeim nemendum, starfsmönnum og foreldrum sem þegar hafa komið að vinnu við umbótaáætlun Garðaskóla fyrir skólaárið 2019-2020.

Garðabær, 13. júní 2019,
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla



Svið 1: Stjórnun og fagleg forysta

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í GARÐASKÓLA	HEFST HVENÆR?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS, ENDURMAT OG EFTIRFYLGNI
Mikilvægt er að stjórnendur sjái til þess að niðurstöður samræmdra prófa og annarra kannana séu markvisst nýttar til að efla árangur nemenda.	Fagstjórar beri saman einkunnir á samræmdum prófum og lokaeinkunn 9. bekkjar í Garðaskóla. Fagstjórar geri grein fyrir notkun námsmats í endurgjöf til nemenda í ársskýrslu. Lesskilningseinkunnir í samræmdum prófum skráðar með öðrum skimunum á læsi nemenda. Fagdeildir vinni áfram að innleiðingu á leiðbeinandi kennsluháttum.	Mái 2019 Apríl 2019 Júní 2019 Mars 2019	Júní 2019 Júní 2019 Ágúst 2019 Júní 2020	Skólastjóri Skólastjóri Deildarstjóri námsvers Aðst.skólastj.		Staða 13. júní 2019: flestir fagstjórar búnir að skila gögnum með ársskýrslum sínum. Staða 13. júní 2019: Aðst.skólastjóri hefur átt samtöl við kennara og fagstjóra, sérstaklega í tengslum við frágang á námsmati.
Ljúka heildstæðri endurskoðun skólanámskrár.	Skólastjóri gengur frá texta og birtir á vef. Vinnustofur á kennarafundi, texti rýndur og tillögum til úrbóta skilað til skólastjóra. Umræða og samþykkt í skólaráði. Skólastjóri uppfærir texta á vef skólans.	Mar 2019 Ágú 2019 Okt 2019 Des 2019	Júní 2019 Ágú 2019 Des 2019 Jan 2020	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Tímalína fyrir vinnu verksins er til staðar.
Móta og orða formlega sýn og stefnu skólans.	Skólastjóri dregur saman umræðu úr skólaráði, af starfsmannafundum, af skólaþingi og opnum fundum með foreldrum. Birt á vef skólans Endurskoðuð útgáfa birt á vef.	Mars 2019 Júní 2019 Des 2019	Júní 2020 Júní 2019 Jan 2020	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Punktur úr samtölum í skólaráði og af kennarafundum komnir á blað. Skólastjóri vinnur að samantekt rædd verður með aðilum ágúst-sept 2019. Birtingu skólanámskrár ólokið.



Svið 1: Stjórnun og fagleg forysta, blað 2.

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í GARÐASKÓLA	HEFST HVENÆR?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS, ENDURMAT OG EFTIRFYLGNI
Huga þarf að meiri kynningu og samræðu um sýn og stefnu skólans meðal foreldra, nemenda og almennra starfsmanna.	Námskynning til foreldra 5. sep 2019. Morgunfundir skólustjóra með fulltrúum nemenda. Skólaþing 20. nóv 2019. Skipulagt af stjórnendum og jafnréttisnefnd. Morgunfundir skólustjóra með foreldrum.	Ágú 2019 Ágú 2019 Mar 2019 Mar 2019	Sep 2019 Júní 2019 Júní 2019 Apr 2020	Skólustjóri Skólustjóri Skólustjóri Skólustjóri	Laun nokkurra kennara Kaffi og ávextir Ávextir	 Staða 13. Júní 2019: Tímasetning þings komin í skóladagatal, nefnd byrjuð hugmyndavinnu. Staða 13. Júní 2019: Tímalína skólustjóra í vinnslu
Efla þarf enn frekar samskipti og samstarf við foreldra og foreldrafélag og leita markvisst eftir hugmyndum foreldra um skólastarfið.	Tveir tölvupóstar á ári til foreldra um störf skólaráðs. Samantekt samráðsfunda send heim til foreldra auk kynningar á kennarafundum. Benda foreldrum á „hafðu samband“ á vef skólans. Skólustjóri sitji a.m.k. tvo fundi á ári með stjórn foreldrafélags. Fréttabréf skólans gefið út í ágúst, október, janúar og apríl	Sept 2019 Okt 2019 Ágú 2019 Sept 2019 Ágúst 2019	Mar 2020 Feb 2020 Jan 2020 Mar 2020 Apríl 2020	Skólustjóri Deildarstjórar Skólustjóri Skólustjóri Skólustjóri	 Kaffi og ávextir	 Staða 13. Júní 2019: ný stjórn komin til starfa í foreldrafélagi, skólustjóri hefur hitt einu sinni. Stjórn og skólustjóri sendu öllum foreldrum sameiginlegt bréf við skólaslit.
Nýta niðurstöður foreldrakönnunar til að stuðla að markvissari samræðu meðal foreldra um leiðir til að efla skólastarfið.	Morgunfundir stjórnenda með foreldrum þegar niðurstöður Skólaþúls hafa borist skólanum.	Mar 2019	Apríl 2020	Skólustjóri	Kaffi og ávextir	Staða 13. Júní 2019: Tímalína skólustjóra í vinnslu. Skýrsla með samantekt á niðurstöðum foreldrakönnunar komin á vef skólans .



Svið 1: Stjórnun og fagleg forysta, blað 3.

Móta þarf skýrari verkferla um innra mat skólans og birta heildstæða greinargerð um framkvæmd, ferli og umbætur innra mats skólans í sérstöku skjali.	Gæðanefnd setur sér tímalínu. Skólastjóri setur upp skjal um innra mat skólans og birtir á vef.	Mar 2019 Júní 2019	Ágú 2019 Ágú 2019	Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: Gæðanefnd fundaði í apríl, fór yfir áherslur. Tímalína ekki tilbúin. Skjal í vinnslu hjá skólastj.
Huga þarf að því að virkja betur fulltrúa í nemendafélagi/ráði og gera starf þeirra sýnilegra meðal nemenda.	Virkjum bekkjarfulltrúa nemenda í öllum umsjónarbekkjum. Hengja upp plakat með upplýsingum um fulltrúa í nemendaráði og störf þeirra. Reglulegt samtal nemendaráðs og bekkjarfulltrúa. Aðkoma að skólapingi 20. nóv. 2019.	Ágú 2019 Sept 2019	Sept 2019 Júní 2020	Aðst. skólastj Aðst. skólastj		
Haldið verði áfram að þróa markvisst störf stjórnenda og kennara í að fylgjast með kennslu og veita endurgjöf.	Gera innlit kennara til annarra kennara að árlegu skylduverkefni. Lærdómsgöngur einu sinni á önn. Endurskoða skapalón um innlit í kennslustund og bæta við samtalsramma fyrir rýni kennara í eigin störf.	Ágú 2019 Ágú 2019 Júní 2019	Júní 2020 Feb 2020 Sept 2019	Aðst. skólastj Aðst. skólastj Skólastjóri		
Gera þarf markvissa aðgerðaráætlun um heilsueflandi umhverfi fyrir starfsmenn skólans.	Áætlun heilsueflingarnefndar 2019-2020	Feb 2019	Júní 2020	HPS, formaður heilsuefl.nefnd	Styrkur úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ.	Staða 13. júní 2019: Styrkur til staðar. Áætlun í vinnslu hjá nefnd. Skólastjóri þarf að fylgja eftir.



Svið 2: Nám og kennsla

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆF HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Birta í námsáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.	Endurskoðun skapalóns námsáætlana: í öllum áætlunum sjáist yfirlit um vinnu með grunnþætti menntunar.	Júní 2019	Júní 2020	Aðst.- skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Nýtt skapalón komið í umferð og í námsáætlunum 2019-2020 munu allar fagdeildir gera grein fyrir vinnu að grunnþáttum menntunar. Aðstoðarskólastjóri mun fylgja eftir í september 2019.
Leita leiða til að auka aánægju nemenda af lestri.	Áætlun læsisteymis 2019-2020. Áætlun um verkefni í yndislestri. Jákvæðara viðmót starfsmanna á skólabókasafni. Læsishátíð 19. desember 2019	Mar 2019 Mar 2019	Ágú 2019 Maí 2020	Skólastjóri Kennarar í teyminu Skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Læsisteymi vinnur að endurskoðun læsisstefnu, skilar í júní 2019. Nýr starfsmaður kemur til starfa á bókasafni í ágúst 2019. Læsishátíð komin í skóladagatal.



Svið 2: Nám og kennsla, blað 2.

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆF HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Leggja áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti í öllum námsgreinum þar sem nemendur hafa virkt hlutverk við að stýra framvindu og bein áhrif á framgang eigin náms.	Kenna um vaxandi hugarfar í upphafi skólaárs í öllum árgöngum. Áframhaldandi innleiðing á leiðbeinandi kennsluháttum: - aukin áhersla á að virkja áhuga nemenda: val nemenda og svigrúm til að setja sér markmið og velja leiðir í náminu. - aukin áhersla á einstaklingsmiðun. - hætta að kenna bækur, kenna markmið. - fleiri verkefni, færri próf. - þróa stöðuga endurgjöf til nemenda um nám þeirra. - lykilhæfni sýnilegri hluti námsmats.	Ágú 2019 Mar 2019	Sept 2019 Júní 2020	EE, KFS fagl. leiðtogar Aðst.skólastj.		Staða 13. júní 2019: Stjórnendur hafa rætt við fagstjóra, kallað eftir greinargerðum í ársskýrslum sem skilað er í júní 2019, ítrekað að leggja skuli áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti í námsáætlunum 2019-2020.
	Stjórnendur lesi námsáætlanir yfir og gefi fagkennurum endurgjöf með það að markmiði að auka vægi leiðbeinandi kennsluhátta. Námskeið/vinnustofa um leiðbeinandi kennsluhætti.	Ágú 2019	Des 2019	Aðst.skólastj.		
	Uppbygging á gagna/aðferðabanka um leiðbeinandi kennsluhætti.	Ágú 2019 Júní 2019	Jan 2020 Júní 2020	Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Skólastjóri búinn að ráða ritstjóra úr hópi starfsmanna.
	Tilgreina með skýrum hætti markmið náms í upphafi stunda.	Skýr krafa til kennara um að í hverri kennslustund eigi markmið náms að vera sýnileg nemendum.	Ágú 2019	Júní 2020	Skólastjóri	
Leggja enn frekari áherslu á markvissa samvinnu nemenda í námi.	Áframhaldandi þróun lokaverkefna í 10. bekk.	Mar 2019	Júní 2020	Kennsluráðgj.		Staða 13. júní 2019: Rýnifundur um lokaverkefnavinnu 2019 kominn á áætlun.
	Stjórnendur kalla eftir upplýsingum um samstarfsverkefni nemenda í fagdeildum og funda með deildunum til að rýna í stöðuna.	Ágú 2019	Des 2019	Skólastjóri		



Svið 2: Nám og kennsla, blað 3.

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆF HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Tryggja að val nemenda sé um fimmtungur námstímans.	Val á að vera að hámarki fimmtungur af námstíma nemenda skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Það sem sker niður tíma í vali í viðmiðunarstundaskrá Garðaskóla eru: umsjónartímar (55 mínútur á viku), yndislestur (100 mínútur á viku) og stærðfræðikennsla (60 mínútur á viku umfram viðmið Aðalnámskrár). Skólasamfélagið vegur þessa þætti hærra en val. Það val sem er í boði er einstaklega fjölbreytt (boðið er upp á fleiri en 50 valgreinar fyrir skólaárið 2019-2020) og nemendur eru ánægðir með núverandi skipulag. Nemendur hafa val um að taka fjölbrautaráfangi í skyldunámsgreinum og hjá þeim fer meiri tíma í greinar á borð við stærðfræði, ensku og íslensku en aðrar valgreinar. Frá hausti 2019 munu upplýsingar um nám sem nemendur stunda utan Garðaskóla, svo sem í tónlistarskóla eða íþróttafélag, verða birtar á skýran hátt í stundatöflum, en þessir tímar hafa verið ósýnilegir í töflum nemenda hingað til.					
Gæta þess að hver nemandi fái heildarstundafjölda í samræmi við aðalnámskrá.	Viðmiðunarstundaskrá er fylgt mjög nákvæmlega í Garðaskóla. Umsjónarkennarar og deildarstjórar telja kennslustundir í töflum allra nemenda á september ár hvert og haldin er nákvæm skrá yfir fjölda tíma í töflum allra nemenda í 9. og 10. bekk þar sem stundatöflur eru ólíkar milli nemenda. Skólastjóri gerði athugasemd við matsmenn MMS þegar þessi athugasemd kom fram en ekki var nægilegt tillit tekið til hennar. Matsmenn skoðuðu vissulega stundatöflur þar sem nemendur voru með færri tíma í töflu en gert er ráð fyrir í viðmiðunarstundaskrá. Í öllum þeim tilvikum voru skráðar skýringar á þessu í yfirlitsskjal umsjónarkennara. Frávikin skýrast annað hvort af því að foreldrar hafa samþykkt undanþágu frá námsgrein og/eða skólasókn vegna námserfiðleika eða því að nemandinn var með tómstundastarf utan Garðaskóla metið til tíma sem valgrein.					
Umsjónarkennarar ræði reglulega við einstaka nemendur um líðan og framgang náms.	Lengri umsjónartímar. Endurskoðun námsáætlunar í umsjón, öllum árgöngum. KVAN námskeið – allir umsjónarkennarar læri verkfærakistuna. Þemadagar í upphafi skólaárs - Áhersla á skólabrag og samskipti - Áhersla á vinnubrögð: ábyrgð, samvinnu, umgengni	Mars 2019 Maí 2019 Feb 2019 Ágú 2019	Ágúst 2019 Júní 2020 Maí 2020 Ágú 2020	Skólastjóri Deildarstj. Skólastjóri Aðst. skólastjóri	Endurmennt. sjóður. Próunarsj. GG	Staða 13. júní 2019: Umsjónartímar verða 55 mínútur í öllum árgöngum 2019-2020. Skólastjóri hefur forgangsraðað verkefninu í vinnu deildarstjóra. Styrkir til staðar.
Leggja áherslu á tækifæri nemenda til að vinna að verkefnum út frá eigin áhugasviði.	Endurskoðun námsáætlana fagdeilda. Lokaverkefni 10. Bekkjar Miðjan - upplýsingaver: - auka og þróa notkun á vinnurýminu - halda áfram örnámskeiðum í upplýsingatækni fyrir starfsmenn AT-ið: - bætt aðgengi að atvinnutengdu námi - auknar tengingar í starfi við Tækniskólann	Mar 2019 Jan 2018 Ágú 2019 Ágú 2018	Júní 2020 Jún 2020 Jún 2020 Júní 2020	Skólastjóri Kennsluráðgj. Kennsluráðgj. Skólastjóri, verkefnastjóri		Staða 13. júní 2019: Rætt hefur verið um mikilvægi þess að nemendur hafi val um leiðir í námi sínu á fagstjórafundum og kennarafundum í vor. Rýnifundur um lokaverkefnavinnu 2019 kominn á áætlun.



Svið 2: Nám og kennsla, blað 4.

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆF HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Nemendur hafi kost á að velja um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.	Endurskoðun námsáætlana fagdeilda. Stjórnendur kalla eftir upplýsingum um val nemenda í námi sínu frá öllum fagdeildum og funda með deildunum til að rýna í stöðuna.	Mar 2019 Ágú 2019	Júní 2020 Feb 2020	Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. júní 2019: Rætt hefur verið um mikilvægi þess að nemendur hafi val um leiðir í námi sínu á fagstjórafundum og kennarafundum í vor.
Tryggja að nemendur hafi tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um nám og fyrirkomulag skólastarfs og fái til þess þjálfun.	Lengri umsjónartímar. Endurskoðun námsáætlunar í umsjón, öllum árgöngum.	Mars 2019 Maí 2019	Ágúst 2019 Júní 2020	Skólastjóri Deildarstj.		Staða 13. júní 2019: Umsjónartímar verða 55 mínútur í öllum árgöngum 2019-2020. Skólastjóri hefur forgangsraðað verkefninu í vinnu deildarstjóra.



Svið 3: Innra mat

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆR HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Birta heildstæða greinargerð um framkvæmd innra mats og umbætur í sérstöku skjali á heimasíðu skólans.	Draga saman efni um innra mat úr skólanámskrá og starfsáætlun. Birta sérstakt skjal í skýrri tengingu við umbótaáætlun á vef skólans.	Mar 2019 Júní 2019	Ágú 2019 Ágú 2019	Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: Gæðanefnd fundaði í apríl, fór yfir áherslur. Tímalína ekki tilbúin. Skjal í vinnslu hjá skólastj.
Skilgreina betur markmið og viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Áætlun gæðanefndar 2019-2020. Samtöl og upplýsingar gæðanefndar við stjórnendur, fagstjóra og verkefnastjóra þeirra verkefna sem tilgreind eru í umbótaáætlun.	Mar 2019	Ágú 2019	Skólastjóri, gæðanefnd		Staða 13. Júní 2019: Skólastjóri hefur ávarpað vandann í gæðanefnd og nefndarmenn vinna að söfnun hugmynda fyrir úrbætur.
Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.	Skólastjóri auglýsir eftir fulltrúum og skipuleggur fundadagskrá 2019-2020.	Mar 2019	Ágú 2019	Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: Fulltrúar kennara og annarra starfsmanna eru komnir í nefndina, í ágúst verða fundnir fulltrúar nemenda og foreldra.
Útfæra má betur helstu áhersluatriði hvers skólaárs í formlegri og skráðri umbótaáætlun.	Draga saman í eitt skjal: áherslur skólaársins, aðgerðaráætlanir og skýrslu um árangur. Sett undir heitið „Umbótaáætlun skólaársins 2019-2020“.	Jan 2019	Ágú 2019	Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: Skjal í vinnslu hjá skólastj.
Móta þarf umbótaáætlun fyrir þá þætti sem eru skilgreindir sem tækifæri til umbóta og mikilvægt er að samhliða því fari fram samræða helstu hagsmunaaðila.	Sjá aðra liði í þessu skjali.					Staða 13. Júní 2019: Umbótaáætlun skilað til MMS. Um samráð við alla hagaðila, sjá aðra liði í þessu skjali.



Svið 4: Skóli án aðgreiningar

UMBÓTAÞÁTTUR SKV. SKÝRSLU YTRA MATS MMS 2018	AÐGERÐIR Í SKÓLA	HVENÆR HEFST?	HVENÆR LOKIÐ?	ÁBYRGÐAR- AÐILI	KOSTNAÐUR	STAÐA MÁLS OG EFTIRFYLGNI HVER, HVENÆR?
Huga þarf að því að áhersla á yfirferð í námi sé ekki á kostnað dýpkunar og skilnings nemenda.	Kallað eftir álitni kennara í starfsmannasamtölum. Umræða á fundum stjórnenda og fagstjóra. Eftirfylgd með námsáætlunum, samtal stjórnenda og fagdeilda. Aukaspurning í skólalámsi nemenda og starfsmanna.	Jan 2019 Apríl 2019 Ágú 2019 Ágú 2019	Júní 2020 Júní 2020 Feb 2020 Mar 2020	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: Spurning um ferðakerfi skólans var sett inn í starfsmannasamtöl sem fram fóru í jan-maí 2019. Skólastjóri kynnir niðurstöður á starfsmannafundi í ágúst 2019. Málið var ávarpað á fagstjóra-fundi í apríl 2019.
Gæta þess sérstaklega að nemendur festist ekki eða einangrist frá félagahópnum í ákveðnum ferðum.	Rýnihópaviðtöl við nemendur í hægferðum. Minnka ferðaskiptingu.	Ágú 2019 Mar 2019	Júní 2020 Júní 2020	Skólastjóri Skólastjóri		Staða 13. Júní 2019: 2-3 fagdeildir hafa ákveðið að hafa ekki hægferðir í 10. bekk skólaárið 2019-2020.
Gera ætti árlega heildaráætlun um sérkennslu og stuðning.	Endurskoðun og endurskrif á efni um námsver á vef skólans. Gengið frá sérskjali með þessari áætlun.	Mar 2019 Ágú 2019	Ágú 2019 Ágú 2019	Deildarstjóri námsvers Deildarstjóri námsvers		Staða 13. Júní 2019: Deildarstjóri byrjaður að vinna að endurskoðun.
Birta á heimasíðu móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.	Gera texta sýnilegri í móttökuáætlun fyrir nemendur og birta skýrar á vef skólans.	Mar 2019	Ágú 2019	Deildarstjórar og deildarstjóri námsvers		Staða 13. Júní 2019: Vinna ekki hafin.
Nemendur hafi beina aðkomu að því að setja sér markmið eða ákveða námsþætti í einstaklingsnámskrám.	Umræða stjórnenda við fagstjóra Þróun skapalóns fyrir einstaklingsnámskrár.	Ágú 2019 Ágú 2019	Júní 2020 Júní 2020	Skólastjóri og aðst.skólastj.		
Gæta þess að allir starfsmenn fái þær upplýsingar sem þeir þurfa vegna starfs síns með nemendum.	Samtalsfundir allra kennara með deildarstjóra námsvers í upphafi skólaárs.	Júní 2019	Ágú 2019	Deildarstjóri námsvers		Staða 13. Júní 2019: Komið á áætlun í ágúst, verið að setja niður tímasetningar.